

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

haldinn í fjarfundi fimmtudaginn 20. október 2022 kl. 12:00.

## Mætt:

*Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Elliði Vignisson, Geir Sveinsson og Bjarni Hlynur Ásbjörnsson.*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

## 1. Verkefnistillaga KPMG um slit á byggðasamlaginu Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs.

Fyrir liggur tilboð frá KPMG um verkefnisstjórn við slit á SVÁ. Áætlað er að kostnaður verði á bilinu 2-2,5 milljónir auk vsk. Verkefnislok eru áætluð í desember en nánari tímaáætlun verði unnin í samráði við stjórn NOS.

***Stjórn NOS samþykkir samhljóða að semja við KPMG um slit á SVÁ og að kostnaður vegna samningsins greiðist í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins.***

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:20.